





VALGREINABÆKLINGUR

Stapaskóli 2023-2024




Valgreinar í 7.-10. bekk

Tilgangur með valfrelsi er að gera nemendum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Þeir þurfa að horfa til framtíðar, gera upp við sig hvert þeir vilja stefna og meta af raunsæi hvað þeir þurfa að gera til að ná takmarki sínu. **Valgreinar eru ekki aukagreinar.** Þær eru jafn mikilvægar og skyldunámsgreinarnar og **kröfur um ástundun og árangur** eru á engan hátt minni í valgreinum en í skyldunámsgreinum.

Í þessu hefti eru upplýsingar um þær valgreinar sem verða í boði í Stapaskóla næsta vetur ef næg þátttaka fæst í hópa. Flestar kjarnagreinar eru bóklegar og því getur verið hentugt fyrir marga nemendur að velja einhverjar verklegar greinar til að auka fjölbreytni námsins.

Mikilvægt er að nemendur fari vel yfir lýsingar á valgreinum með foreldrum eða forráðamönnum sínum og íhugi vandlega hvað sé æskilegt að velja. Einnig getur verið gott fyrir nemendur að ræða við umsjónarkennara, námsráðgjafa eða kennara einstakra greina og fá hjá þeim leiðsögn. Skipulag á stundatöflu nemenda fyrir komandi vetur tekur mið af valgreinum og því **ekki hægt að breyta vali** í haust þegar skóli hefst.

Það er von okkar að allir nemendur finni áhugaverða valkosti.



Almennar upplýsingar


Framboð valgreina fyrir 7. - 10. bekk er mismunandi á ári hverju. Nemendur velja þær greinar sem þeir hafa mestan áhuga á og síðan aðrar greinar til vara. Mikilvægt er að nemendur skoði vel bæklinginn og kynni sér þær valgreinar sem eru í boði áður en valið er.

Nokkrir punktar sem þarf að huga að við valið:

- Valgreinar eru kenndar í 8 - 9 vikna lotum.
- Hver lota er ein valeining.
- Nemendur í 7. bekk velja fjórar valeiningar.
- Nemendur í 8. - 10. bekk velja átta valeiningar.

Mikilvægt að setja inn 2 varavalgreinar.

Fara vel yfir áður en þið sendið inn, telja valeiningarnar (fjórar hjá 7. bekk og átta hjá 8. - 10. bekk auk tveggja varavalgreina).



Valeiningar

Nemendur í 7. bekk velja fjórar valeiningar.

- Velja eina valgrein í hverri lotu á föstudegi (ekki velja á miðvikudegi).

Nemendur í 8. - 10. bekk velja átta valeiningar.

- Velja valgreinar á miðvikudegi og föstudegi.
- Nemendur í 8. – 10. bekk geta valið ákveðnar greinar utan skóla – heilsársval. (Íþróttir og tómstundir, tónlistarnám og Fjörheimaval.)
- Grunnskólaval í Fjölbrautaskóla Suðurnesja er ýmist fyrir 10. bekk eða 9.-10. bekk að uppfylltum inntökuskilyrðum - innritunargjald kr. 6.000 (+ efniskostnaður í einstaka greinum).
- Heilsársval telst sem fjórar valeiningar.

Námsmat

Námsmat í valgreinum innan skólans

Námsmat fer fram í öllum valgreinum út frá hæfniviðmiðum í námskrám í Mentor. Við lok tímabils er frammistaða nemenda metin með hæfnitáknunum 5 í hverju hæfniviðmiði auk þess sem nemendur fá L (lokið) eða Ó (ólokið) í samantekt.

Á útskriftarskjöl nemenda í 10. bekk fara bókstafirnir L eða Ó. Til þess að unnt sé að meta hæfni nemenda og það hvort valgrein telst vera lokið eða ólokið þarf nemandi að vera með góða mætingu og virkni í kennslustundum.

 Framúrskarandi


 Hæfni náð

 Á góðri leið

 Þarfnast þjálfunar

 Hæfni ekki náð

Velja fyrir 26. maí 2023




Nemendur eru beðnir að vera búnir að skila inn sínu vali fyrir 26. maí nk.

Valið er gert rafrænt á viðkomandi slóð (<https://www.stapaskoli.is/is/nam-kennsla/valgreinar>)



Yfirlit valgreina



Nemendaráð	Föndur og fígúrir	Macramé	Fjörheimaval
Skólahreysti	Skák	Moodboard	FS – Valgreinar
Fjölmiðlaval	Ömmu- og jólabakstur	Ljósmyndun	FS – Mætingareglur
Samspil	Heimavinnuval	Fab Lab	FS – Stærðfræði 10. b.
Aðstoð á leikskólastigi	Spænska	Bifvélavirkjun	FS – Enska 10. b.
Doodles (krot)	Yndislestur	Smíðaval	FS – Þýska 10. b.
Matreiðsluþáttagerð	Stuttmyndagerð 1+2	Rafípróttir	FS – Spænska 10. b.
Teiknimyndasögugerð	Grísk goðafræði	Spilaval	FS – Rafmagn 9.-10. b
Lagasmíðar	Aðstoð á leikskólastigi	Leikjaval	FS – Húsasmíði 9.-10. b.
Franska	Aðstoð í frístund	Tónlistarnám	FS – Textíl og hár 9.-10. b.
Götulist	Fjármálalæsi	Ípróttir og þjálfun	FS – Málmsmíði 9.-10. b.
Málaralist	Piparkökuhúsakeppni	Aðstoð við þjálfun	
Samtímalist	Stærðfræðiaval	Unglingadeildin Klettur	



HEILSÁRSVAL

Heilsársval í Stapaskóla - 4 valeiningar



Nemendaráð

Valgreinin er ætluð þeim sem hafa mikinn áhuga á félagsstörfum. Hlutverk nemendaráðs stapaskóla er m.a. að skipuleggja félagsstarf í skólanum og taka þátt í viðburðum sem fram fara á skólaárinu. Ætlast er til að nemendaráð myndi góð tengsl við nemendur skólans og verði yngri nemendum góð fyrirmynd. Skólinn gerir þá kröfu til stjórnar nemendaráðs að í því sitji ábyrgir nemendur sem sýni af sér góða hegðun, frumkvæði í vinnubrögðum, stundi námið vel og hafi góða skólasókn. Nemendur sem eru í nemendaráði er skylt að vinna á viðburðum sem haldnir eru í skólanum. Farið verður yfir umsóknir og viðtöl tekin – ekki komast allir að sem vilja. Á haustin fer fram kosning á formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnenda auk þess sem skipað verður í ýmsar nefndir.

Markmið að nemendur:

- Efli sinn félagslega þroska t.d. sjálfsmynd og sjálfstraust
- Efli færni sína í tjáningu og samskiptum
- Efli leiðtogaþæfileika sína að þjálfa nemendur:
 - ✓ í lýðræðislegum vinnubrögðum
 - ✓ í skipulagningu og framkvæmd viðburða
 - ✓ í fundarsköpum, tjáningu og framsögn

Námsmat: Ástundun, virkni og vinnusemi metin. Lokið / ólokið





Skólahreysti

Farið er í grunnæfingar fyrir Skólahreysti þ.e. styrktar, þol og hraðaæfingar. Áhersla er lögð á tækniatriði og reglur í sambandi við Skólahreystibrautina. Skólahreysti á að hvetja börn og unglinga til að taka þátt í alhliða íþróttaupplifun. Skólahreysti snýst ekki bara um að sigra eða vera bestur heldur að þroska andlegt og líkamlegt atgervi samhliða því að efla félagsleg samskipti kennara, nemenda og foreldra.

Markmið:

- Auki styrk, snerpu og þol
- Geri sér grein fyrir gildi samvinnu í leik og keppni
- Þjálfist í að taka þátt í undirbúningi fyrir mót
- Geti sett sér markmið
- Þjálfra fulltrúa okkar fyrir Skólahreystikeppnina
- Nemendur öðlist betri skilning á mikilvægi góðrar næringar og svefni

Kennslutilhögun: Að mestu verkleg kennsla en bókleg kennsla er hluti af valinu. Í byrjun hvers tíma taka nemendur upphitun og í framhaldi af því fer fram þrekþjálfun. Að þrekþjálfun lokinni fara nemendur í ýmsa skemmtilega leiki. Kennsla fer fram úti og inni.

Námsmat: Ástundun, virkni, framfarir og árangur. Lokið / ólokið





Fjölmiðlaval

Nemendur læra um fjölmiðla og koma á fót fréttasíðu nemenda í Stapaskóla. Nemendur vinna með eigin hugmyndir og velja sér hlutverk sem hentar þeirra áhugasviði og styrkleikum, t.d. fréttaskrif, auglýsingagerð, ljósmyndun, myndbandagerð eða vefsíðugerð. Nemendur sjá sjálfir um umsjón fréttasíðunnar, skrifa fréttir, taka viðtöl og segja frá lífinu í Stapaskóla.

Markmið:

- Að nemendur kynnist fjölmiðlum og starfi fjölmiðlafólks
- Að nemendur fái þjálfun í textaskrifum, ljósmyndun, heimasíðu- og auglýsingagerð
- Að nemendur geti unnið sjálfstætt að framleiðslu efnis fyrir fréttasíðuna
- Að nemendur geti unnið skipulega og séð um umsjón fréttasíðu nemenda í Stapaskóla

Kennslutilhögun: Verkleg vinna í kennslustundum, umræður, kennslumyndbönd og myndrænar leiðbeiningar. Nemendur vinna einnig sjálfstætt að framleiðslu efnis fyrir fréttasíðuna.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í aðalnámsskrá grunnskóla. Einnig verður lagt mat á ástundun, vinnusemi, sköpun og samskipti í tímum. Lokið / Ólokið.





Samspil (skólahljómsveit)



Þessi valgrein er ætluð nemendum sem hafa áhuga á að spila saman tónlist þar sem áhersla er lögð á samleik og samvinnu nemenda þannig að nemendur fái þjálfun í hljómsveitarleik, samspili, spila eftir eyranu, nótnalestri og jafnvel spuna.

Leitast er eftir nemendum sem hafa einhverja reynslu í tónlist og eru tilbúnir til þess að koma fram á viðburðum innan Stapaskóla sem skólahljómsveit.

Æskilegt er að þeir nemendur sem hafa áhuga á að taka þátt í samspili geti látið fylgja hvaða hljóðfæri þeir spila á, ásamt reynslu og hverskonar tónlist þeim finnst skemmtilegt að spila.

Valgreinin verður að veruleika ef næg þátttaka næst.

Markmið:

- Að nemendur fái þjálfun í hljómsveitarleik og samspili
- Að nemendur fái þjálfun í nótnalestri og spuna
- Að nemendur komi fram á viðburðum Stapaskóla sem skólahljómsveit

Námsmat: Ástundun, áhugi, samskipti og virkni í tímum. Lokið / Ólokið.





LOTUR 7.-10. BEKKUR

Lotuval – 1 lota er 1 valeining

Kennt á föstudögum frá 8.30-9.50

Aðstoð á leikskólastigi



Aðstoð í kennslu leikskóla - uppeldisfræði.

Markmið:

Að nemendur kynnist fjölbreyttu starfi í leikskóla og fái innsýn í þau störf sem þar eru.

Kennslutilhögun: Nemendur aðstoða starfsmenn á leikskólastigi.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.



Doodles (krot)

Í þessari valgrein ætlum við að krot! Nemendur skoða mismunandi stíla krots og reyna að finna sinn eigin. Sumir telja að krot (doodling) geti hjálpað með einbeitingu, auðveldað tjáningu og aukið skapandi hugsun.

Markmið:

- Að auka skapandi hugsun hjá nemendum
- Að nemendur sleppi ímyndunaraflinu lausu og tjái sig á nýjan og spennandi hátt
- Að nemendur finni sinn eigin stíl og geti skapað hugmyndarík og spennandi krotverk

Kennslutilhögun: Verkleg vinna í kennslustundum, kennslumyndbönd og myndrænar leiðbeiningar.

Námsmat: Nemendur halda möppu með hugmyndum og verkum. Einnig verður lagt mat á ástundun, vinnusemi og samskipti í tímum. Lokið / Ólokið.



Matreiðslupáttagerð



Búðu til þinn eigin matreiðslupátt! Lokamarkmið er smápáttur um matreiðslu þar sem nemandi talar um hvað hann ætli að gera og gerir það. Til að ná því þarf nemandi að skoða matreiðslupætti, athuga í samræmi við kennara hvað hann getur unnið að, t.d. búa til kleinur. Hvað þarf að kaupa inn, síðan þarf að undirbúa hvernig á að gera þetta. Búa til handrit og storyboard. Ákveða hver gerir hvað. Upptaka og eftirvinnsla.

Markmið: Nemandi læri að skoða uppskriftir, hvað hann þarf til að búa þetta til og þarf að gera það í samráði við kennara. Nemandi lærir að undirbúa hvað hann þarf fyrir þáttinn. Síðan að hugsa út í hvernig væri hægt að setja það saman. Búa til handrit og storyboard. Að lokum klippa saman og framsetning. Lærir skipulag og gott verklag. Áhersla verður lögð á samstarf og hópavinnu.

Kennslutilhögun: Rannsóknar- og hugmyndavinna ásamt verklegri vinnu. Samstarf og hópavinna. Nemendur vinna í pörum eða hópum að hugmynd, útfærslu, framkvæmd og eftirvinnslu.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.



Teiknimyndasögugerð



Nemendur kynna sér teiknimyndasögur (comics) og fá þjálfun í að gera sínar eigin. Nemendur gera handrit, skapa sögupersónur og teikna myndir. Nemendur velja sjálfir hvort að teiknimyndasögurnar þeirra verði handteiknaðar eða gerðar með aðstoð teiknimyndasöguforrits. Lögð er áhersla á að virkja ímyndunarafl, eigin myndheim og áhugasvið.

Markmið að nemandi:

- Kynnist teiknimyndum og teiknimyndasögugerð
- Geti skapað spennandi og skemmtilegar sögupersónur
- Geti gert sína eigin teiknimyndasögu

Kennslutilhögun: Verklef vinna í kennslustundum, hópastarf, kennslumyndbönd og sýnikennsla.

Námsmat: Nemendur halda möppu með hugmyndum og verkum. Einnig verður lagt mat á ástundun, vinnusemi og samskipti í tímum. Lokið / Ólokið.



Lagasmíðar (Making music)



Í þessu valfagi fá nemendur þjálfun í að búa til tónlist. Farið verður yfir undirstöðuatriði í sköpun tónlistar og textagerðar. Einnig kíkjum við á mismunandi tónlistarstíla til innblásturs.

Markmið:


- Að nemendur kynnist mismunandi tónlistarstílum
- Að nemendur læri undirstöðuatriði í sköpun tónlistar
- Að nemendur geti samið lag með aðstoð tónlistarforrits

Kennslutilhögun: Kennsla fer fram með sýnikennslu, kennslumyndböndum, hópastarfi og verkefnum.

Námsmat: Nemendur halda möppu með hugmyndum og verkum. Einnig verður lagt mat á ástundun, vinnusemi, vandvirkni og samskipti í tímum. Lokið / Ólokið.



Franska



Nemendur frá kynningu á franskri tungu, læri að kynna sig og segja einfaldar setningar. Nemendur læri tölurnar, litina og einfalda málfræði.

Markmið að:

Nemendur kynnist Frakklandi og franskri menningu.

Kennslutilhögun: 1 lota – 2 kennslustundir á viku.

Námsmat: Ástundun, virkni í kennslustundum og verkefnaskil.
Lokið/ólokið.



Götulist

Menningarval þar sem við skoðum og prufum okkar áfram í listsköpun út frá mismunandi þáttum listrænna menningar og menningarstefna.


Listrænt val sem byggir á Streetart. Farið verður yfir stefnur og strauma götulistar, veggmyndir, graffiti og önnur útilistaverk.

Nemendur vinna sig áfram í hugmyndavinnu og skissum og verkefnum sem endar svo með því að hópurinn vinnur útilistaverk í graffiti veggjalist.


Markmið: Er kynnast götulist og vinna að veggmynd graffiti.

Kennslutilhögun: 1 lota – 2 kennslustundir á viku.

Námsmat: Virkni og ástundun. Lokið/ólokið.



Málaralist



Menningarval þar sem við skoðum og prufum okkar áfram í listsköpun út frá mismunandi þáttum listrænna menningar og menningarstefna.

Listrænt val sem byggir á málaralist. Farið verður yfir nokkrar mismunandi stefnur og strauma og nemendur vinna að málverki út frá ákveðinni stefnu sem nemendur velja sér sjálfir að vinna með.

Markmið: Er kynnst mismunandi aðferðum við sköpun á málverki.

Kennslutilhögun: 1 lota – 2 kennslustundir á viku.

Námsmat: Virkni og ástundun. Lokið/ólókið.



Samtímalist

Menningarval þar sem við skoðum og prufum okkar áfram í listsköpun út frá mismunandi þáttum listrænna menningar og menningarstefna.

Listrænt val sem byggir á samtímalist. Farið verður yfir nokkrar mismunandi stefnur og strauma í samtímalist og nemendur læra á hvernig við vinnum listaverk frá hugmynd að sýningu. Unnið verður með listafólki úr geiranum ásamt heimsókn og samstarfi menningarstofnunar Reykjanesbæjar og Duus Safnahús.

Nemendur vinna sjálfstætt listaverk fyrir BAUN menningarhátíð Reykjanesbæjar út frá þema hátíðarinnar og setja upp verk sín á Listasafninu í Duus safnahúsi.

Markmið: Er kynnast samtímalist og vinna sjálfstætt listaverk fyrir BAUN.

Námsmat: Virkni og ástundun. Lokið/ólokið.



Föndur og fígúrir




Við ætlum að föndra saman þrívíð verk í pappamassa, t.d. grímur, stytur, furðuverur og fígúrir. Lögð er áhersla á að nemendur vinni með eigin hugmyndir og áhugasvið.

Markmið:

- Að nemendur öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks
- Að nemendur tileinki sér hugmyndavinnu og vinnuferli við sköpun eigin verka

Kennslutilhögun: Verklegr vinna í kennslustundum, kennslumyndbönd og myndrænar leiðbeiningar.

Námsmat: Ástundun, vinnusemi, sköpun og samskipti í tímum. Lokið / Ólokið.




Skák

Markmið að nemendur:


- Læri mannganginn
- Geti teflt sér til gagns og gamans
- Fræðist um sögu íþróttarinnar
- Fá fræðslu um skáksögu okkar og helstu afrek
- Læri 2 - 3 byrjanir með hvítum og svörtum
- Geti leyst einfaldar skákþrautir
- Kynnist og læri að nota skák vefi til þjálfunar og keppni

Kennslutilhögun: Wakelet - flipgrid - skákveggur sem settur er upp þar sem ALLT fer inná sem bjargir fyrir nemendur, sömuleiðis notað til að leggja inn og segja frá. Notum einnig skákvefi eins og lichess.org til að auka skilning nemenda.

Námsmat: Metið hvort að nemandi sýni áhuga og nái að öðlast ágæta grunnfærni. Nemandi fær skírteini að lokum til staðfestingar á þátttöku sinni. Lokið/ólokið.



Ömmu- og jólabakstur



Nemandi fær innsýn inn í mismunandi jólabakstur og gamaldags baksturs aðferðir. Bakaðar verða formkökur, pönnukökur, kleinur, lummur og fleira.

Markmið:


- Að nemandi kynnist mismunandi aðferðum, tækjum og tólum
- Að nemandi kynnist gamaldags baksturs aðferðum.

Kennslutilhögun: Það verður bakað í hverri viku. Samvinna og hópastarf.

Námsmat: Ástundun og virkni. Lokið / Ólokið.



Heimavinnuval



Markmið:

Nemendur fá tíma og aðstoð frá kennara við að vinna í heimaverkefnum. Ef nemendur eru ekki með heimanám vinna þeir í að bæta sig í ákveðnum hæfnipáttum eða nota tímann við yndislestur í frjálslestrarbók.

Kennslutilhögun: Valið nær yfir eina lotu og gildir því sem 1 valeining.

Námsmat: Ástundun og virkni í kennslustundum. Lokið / Ólokið.



Spænska



Farið verður vel yfir helstu grunnatriði í tal- og ritmáli spænskrar tungu.

Markmið:

Lögð verður áhersla á lestur, hlustun, ritun og tal. Í lok náms hafa nemendur náð tökum á:


- Lestur á einföldum texta
- Skilið einfalt hlustunarefni
- Ritað einfaldan texta
- Notað einföld orðasambönd og setningar

Kennslutilhögun: Hlustunarefni, textar, verkefni og annað efni frá kennara.

Námsmat: Ástundun og virkni. Lokið / Ólokið.



Yndislestur



Nemandi velur sér bók til að lesa í val tímanum.

Markmið:

Að njóta þess að lesa bók í ró og næði með öðrum sem finnst gaman að lesa.

Kennslutilhögun: Inni í stofu eða á bókasafni.

Námsmat: Lokið / Ólokið.



Stuttmyndagerð 1+2



Nemendur kynnast gerð stuttmynda. Farið í helstu grunnatriði, allt frá því að hugmynd fæðist í það þegar myndin er fullbúin. Farið í handritaskrif, söguborð, leik, sjónarhorn, kvikmyndatöku, lýsingu, hljóð, brellur og klippingu.

Markmið að:


- Að nemendur læri grundvallaratriði í kvikmyndagerð: handritsgerð, undirbúning, upptökur og leik, hljóðsetningu og klippingu.
- Að nemendur vinni með öðrum á jákvæðan hátt.
- Að nemendur skapi og skili fullbúinni stuttmynd.

Kennslutilhögun: Handtök við kvikmyndagerð eru kennd í stuttum innlögnum og með æfingaverkefnum. Nemendur vinna að gerð stuttmyndar sem skilað er sem lokaverkefni.

Námsmat: Lokaverkefni nemenda er metið til hæfni. Ástundun og virkni í kennslustundum. Lokið/ólakið.



Grísk goðafræði



Við skoðum grískar goðsagnir, guðina og hvernig goðafræði birtist í menningu og listum t.d. kvikmyndum.

Markmið:

Að nemendur kynnist grískum goðsagnaheimi, hvernig goðsögur eru uppbyggðar o.fl.

Kennslutilhögun: 1 lota – 2 kennslustundir á viku.

Námsmat: Ástundun, virkni í kennslustundum og verkefnaskil.
Lokið/ólokið.





LOTUR 8.-10. BEKKUR

Lotuval – 1 lota er 1 valeining

Kennt á miðvikudögum frá 13.20-14.45

Aðstoð á leikskólastigi



Aðstoð í kennslu leikskóla - uppeldisfræði.

Markmið:

Að nemendur kynnist fjölbreyttu starfi í leikskóla og fái innsýn í þau störf sem þar eru.

Kennslutilhögun: Nemendur aðstoða starfsmenn á leikskólastigi.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.



Aðstoð í frístund



Aðstoð í Stapaskjóli (frístund) – uppeldisfræði.

Markmið:

Að nemendur kynnist fjölbreyttu starfi frístundaheimilisins og fái innsýn í þau störf sem þar eru unnin eins og uppeldi, umönnun og afþreyingu fyrir börn.

Kennslutilhögun: Nemendur aðstoða starfsmenn frístundaheimilisins.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.



Fjármálalæsi

Farið verður yfir helstu atriði sem viðkoma almennum hlutum í daglegu lífi og snúa að fjármálalegum atriðum. Vextir, íbúðarkaup, lífeyrismál, sparnaður og fjárfestingar eru meðal umfjöllunarefna.

Við lok lotunnar getur nemandi:

- Þekkt muninn á inn- og útvöxtum
- Greint frá ólíkum lánaleiðum við kaup á fasteign
- Skilið hvernig lífeyriskerfi virkar
- Lagt sjálfstætt mat á hentugar sparnaðarleiðir

Kennslutilhögun: Kennslan fer fram með fyrirlestrum, umræðum og verkefnavinnu.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.



Piparkökuhúsakeppni



Hönnun og bakstur á piparkökuhúsum. Nemendur vinna í pörum eða þríeykjum við hönnun og útfærslu.

Markmið:


Markmið að kynnast því að hanna og smíða hús. Hæfniviðmið úr stærðfræði, íslensku, heimilisfræði, list- og verkgreinum og lykilhæfni.

Kennslutilhögun: 1 lota - miðvikudagar í lotu 2

Námsmat: Lokið/Ólokið ásamt hæfnimati út frá markmiðum.



Stærðfræði



Fjölbreytt stærðfræðiverkefni og þrautir. Nemendur vinna eina tölfræðirannsókn, læra á Excel og Geogebra og leysa alls konar stærðfræðiþrautir.

Markmið:


Að nemendur læri á forritin Excel og Geogebra. Að nemendur eflist í jákvæðu viðmóti gagnvart stærðfræði og vinni fjölbreytt og skemmtileg verkefni.

Kennslutilhögun: 1 lota – 2 kennslustundir á viku.

Námsmat: Lokið / Ólokið ásamt hæfnimati út frá markmiðum.



Macramé



Farið verður yfir sögu macramé og helstu undirstöðuhnútar aðferðarinnar kenndir. Þegar nemendur hafa náð tökum á helstu hnútunum hanna þeir og hnýta sín eigin blóma- og vegghengi.

Markmið að við lok lotunnar geti nemandi:

- Hnýtt helstu hnúta macramé aðferðarinnar
- Hnýtt einföld macramé verkefni
- Unnið sjálfstætt að hönnun á eigin macramé verki
- Áætlað efnispörf fyrir verkefni

Kennslutilhögun: Kennsla fer fram með sýnikennslu og verkefnavinnu.

Námsmat: Lokið/ólókið.



Moodboard (innan húshönnun)


Nemendur hanna sín eigin rými með því að klippa út og raða saman myndum úr tímaritum á plakat. Huga þarf að litasamsetningu, efnisvali, gerð húsgagna og hvert hlutverk rýmisins er þegar þau eru sett saman á stemmingsspjald (e. Mood board).

Markmið að við lok lotunnar geti nemandi:

- Þekkt áhrif lita á rými
- Þekkt ólík efni sem notuð eru í vefnaðarvörur og húsgögn
- Unnið sjálfstætt að hönnun á eigin rými
- Sett fram eigin hugmyndir á skapandi hátt

Kennslutilhögun: Kennsla fer fram með sýnikennslu og verkefnavinnu.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.



Ljósmyndun


Í ljósmyndavali kynnast nemendur eigin myndavélum eða snjallsímum og fá tækifæri til að læra á og nota DSLR vél. Þá verður áhersla lögð á að skilja undirstöðu ljósmælingar þar sem unnið er með hraða, ljósop og ISO. Einnig verður farið í myndbyggingu, mismunandi nálgun á viðfangsefnum, myndvinnslu o.fl. Unnið verður með þemu þar sem nemendur þurfa að leysa ýmis verkefni og mikið verður lagt upp úr sköpun einstaklinganna. Kenndar verða einfaldar aðgerðir í myndvinnsluforritum og jafnvel sett upp ljósmyndasýning á netinu og/eða göngum skólans.

Markmið:

Að nemendur geti tekið eigin ljósmyndir og skilgreint myndform og lýst mynduppbyggingu.

Kennslutilhögun: Kennt er í hönnunarsmiðju skólans. Ætlast er til að nemendur kynnist helstu undirstöðuatriðum ljósmyndunar, mynduppbyggingu, myndformum og kynnist myndvinnslu.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.



Fab Lab




Fab Lab (Fabrication Library) er smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Fab Lab smiðjan gefur nemendum tækifæri til að þjálfa sköpunargáfunu og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

Markmið:

Að nemendur geti hannað og smíðað einfaldan hlut með Fab Lab hugmyndafræðinni.

Kennslutilhögun: Kennt er í hönnunarsmiðju skólans. Ætlast er til að nemendur kynnist helstu undirstöðuatriðum Fab Lab, stafrænnar hönnunar og stafrænnar smíði.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum. Lokið/ólokið.



Bifvélavirkjun


Í bifvélavirkjunarvali kynnast nemendur bílum og vélbúnaði bíla og fá tækifæri til að taka í sundur og skoða vélbúnað. Þá verður áhersla lögð á að skilja undirstöðuatriði vélbúnaðar bíla, þar með talið virkni vélarinnar, gírkassa, drifbúnaðar, bremsukerfis og fjöðrunarkerfi.

Markmið:

Að nemendur geti þekkt vélbúnað bifreiða og útskýrt virkni þeirra.

Kennslutilhögun: Kennt er í hönnunarsmiðju skólans. Ætlast er til að nemendur kynnist vélum, gírum, drifbúnaði, bremsum og fjöðrunarkerfinu. Nemendur læra um hvern þátt bæði bóklega og verklega, svara spurningum, leysa verklegar þrautir og svara könnunarprófum.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum. Lokið/ólókið.



Smíðaval



Í smíðavali vinna nemendur sjálfstætt að eigin verkefnum úr tré. Kennari aðstoðar nemendur við framkvæmd og leiðbeinir ef við á.

Markmið:

Að nemendur geti unnið sjálfstætt í handverksvinnu.

Kennslutilhögun: Kennt er í hönnunarsmiðju skólans. Ætlast er til að nemendur kynnist og nýti sjálfstætt helstu undirstöðuatriði handverks og þekki helstu möguleika til formunar úr tré.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum. Lokið/ólokið.



Rafíþróttir



Megintilgangur er að kynna hugtakið rafíþróttir fyrir nemendum og hjálpa þeim að öðlast meiri skilning á hugtökum sem tengjast þeim.

Kennslutilhögun: Farið verður yfir margar tegundir af rafíþróttum frá mismundandi sjónarhornum og þær kynntar fyrir nemendum. Lögð er áhersla á hvernig rétt hugarástand og líkamleg hreyfing getur spilað stóran þátt í rafíþróttum. Aðal áhersla verður lögð á leiki í PS5. Einnig verður kynnt fyrir nemendum Lenovo deildina, rafíþróttalið á Íslandi og Stöð 2 Esport, ásamt rafíþróttadeildir innan Reykjanesbæjar kynntar.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.




Spilaval

Ætlað nemendum sem finnst gaman að spila eða vilja öðlast meiri þekkingu á spilum. Nemendur kynnast borðspilum, spilastokknum og teningaspilum. Unnið er með tengingu við stærðfræði og lært um kosti spila í tengslum við stærðfræði, rökhugsun og í sumum tilvikum fjármál.

Markmið: Að nemendur efli rökhugsun og jafnvel að auka spilaáhuga nemenda.

Kennslutilhögun: Verkefni unnin í kennslustundum og stundum heimavinna að prófa spil heima og spila við fjölskyldumeðlimi.

Námsmat: Ástundun og virkni. Lokið/ólokið.



Leikjaval

Nemendur kynnast margvíslegum leikjum, inni og úti. Lærum nýja leiki og kennum hver öðrum. Dæmi um leiki sem fengist verður við eru t.d. hópleikir, hreyfileikir, spunaleikir, spurningaleikir, gátur og þrautir, athyglisleikir og ratleikir.

Markmið:

- Að nemendur skemmti sér.
- Að nemendur æfi í að fylgja fyrirmælum.
- Að nemendur vinni með öðrum á jákvæðan hátt.
- Að nemendur stýri félögum í leik.

Kennslutilhögun: Í hverri kennslustund verður ákveðin gerð leikja tekin fyrir. Kennari gefur hugmyndir og fyrirmyndir, leikir eru prófaðir og nemendur undirbúa nýja leiki sem þeir bjóða félögum sínum að taka þátt í.

Námsmat: Nemendur safna í ferilmöppu lýsingum á leikjum og mati á þátttöku sinni í margvíslegum leikjum. Ástundun og virkni í kennslustundum. Lokið/ólókið.





VAL UTAN STAPASKÓLA

Heilsársval - 4 valeiningar

Tónlistarnám



Þetta er valfag fyrir nemendur sem stunda tónlistarnám við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Nemendur greiða sjálfir skólagjöld og annan kostnað til Tónlistarskólans.


Markmið: Að viðurkenna tónlistarnám nemenda og hvetja þá til að taka tónlistarnám sitt alvarlega.

Kennslutilhögun: Nemendur stunda tónlistarnám undir leiðsögn tónlistarkennara. Stapaskóli metur tónlistarnámið til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Nemendur skila inn staðfestingablaði með undirskrift tónlistarkennara og forráðamanns **fjórum sinnum** á skólaárinu sem staðfestir að hann sé virkur í náminu.

Námsmat: Lokið / Ólokið.

Ef nemandi hættir í tónlistarnámi ber foreldrum/nemanda skylda til þess að láta aðstoðarskólastjóra vita um leið sem úthlutar nemanda þá nýja valgrein.

Íþróttir/þjálfun



Þetta er valfag fyrir nemendur sem hafa stundað sömu íþrótt undanfarin tvö ár eða lengur. Aðeins kemur til greina að viðurkenna þjálfun nemanda sem stunduð eru hjá deildum íþróttafélaga sem hlotið hafa viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndafélag/fyrirmyndardeild. Nemendur greiða sjálfir æfingagjöld og annan kostnað til íþróttafélagsins. Til þess að nemendur geti valið þennan kost þurfa þeir að fá undirskrift frá þjálfara, foreldri og umsjónarkennara. Eyðublað fá nemendur hjá aðstoðarskólastjóra í upphafi skólaárs.

Markmið: Að viðurkenna störf nemenda innan íþróttafélaganna og hvetja þá til að taka íþrótt sína alvarlega.

Kennslutilhögun: Nemendur stunda þjálfun sinnar íþróttagreinar undir stjórn þjálfara. Stapaskóli metur þjálfunina til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Nemendur skila inn staðfestingablaði með undirskrift þjálfara og forráðamanns **fjórum sinnum** á skólaárinu sem staðfestir að hann sé virkur í íþróttinni.

Námsmat: Lokið / Ólokið.

Ef nemandi hættir í íþrótt ber foreldrum/nemanda skylda til þess að láta aðstoðarskólastjóra vita um leið sem úthlutar nemanda þá nýja valgrein.

Aðstoð við þjálfun



Þetta er valfag fyrir nemendur sem stunda íþrótt hjá íþróttafélagi. sem hlotið hefur viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndafélag/fyrirmyndardeild og eru að aðstoða þar við þjálfun. Til þess að nemendur geti valið þennan kost þurfa þeir að fá undirskrift frá þjálfara, foreldri og umsjónarkennara. Eyðublaðið fá nemendur hjá aðstoðarskólastjóra í upphafi hverrar lotu.

Markmið: Að viðurkenna störf nemenda hjá íþróttafélögunum og hvetja þá til að leggja þar lið.

Kennslutilhögun: Nemendur aðstoða þjálfun íþróttagreinar undir stjórn aðalþjálfara. Stapaskóli metur þjálfunina til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Nemendur skila inn staðfestingablaði með undirskrift þjálfara og forráðamanns **fjórum sinnum** á skólaárinu sem staðfestir að hann sé virkur í þjálfuninni.

Námsmat: Lokið / Ólokið.

Ef nemandi hættir í íþrótt ber foreldrum/nemanda skylda til þess að láta aðstoðarskólastjóra vita um leið sem úthlutar nemanda þá nýja valgrein.

Unglingadeildin Klettur



Unglingadeildaval í samstarfi við Björgunarsveitina Suðurnes. **Athugið – aðeins í boði fyrir 9.-10. bekk.** Nemendur stunda nám í Unglingadeildinni Klettur og mæta á fundi á fimmtudagskvöldum kl. 20.00-22.30. Nemendur mæta jafnframt í dag- og helgarferðir einu sinni til tvisvar á önn. Nemendur mæta sjálfir þeim kostnaði sem fellur við ferðirnar en honum er haldið í lágmarki og koma nemendur oftast sjálfir með nesti.

Markmið að nemendur:

- Verði sjálfstæðir einstaklingar
- Læri allt sem tengist útivist og ferðamennsku og fundið athafnaprá sinni farveg
- Kynnist starfi björgunarsveita

Námsmat: Umsögn um nemendur ásamt skráningunni lokið eða ólokið. Nemendur þurfa að vera með yfir 80% mætingu til að fá lokið í valinu.

Fjörheimaval



Athugið að þessi valgrein er aðeins fyrir nemendur sem taka þátt í sértæku hópastarfi í Fjörheimum; Unglingaráði, Fjörclub og/eða Listaklúbbnum. Kennt í Fjörheimum (88 húsinu) að kvöldlagi kl. 19.30-21.30.

Markmið: Að nemendur kynnist því starfi sem unnið er í félagsmiðstöðinni, taki þátt í klúbbastarfi og sækir þá fræðslu sem boðið er uppá. Nemendur kynnast krökkum úr öðrum skólum og vinna með þeim að ýmsum verkefnum.

- Afþreyingargildi - að nemendur eigi góðar stundir með jafnöldrum
- Menntunargildi - mikilvægt að í frítíma fáið ungmenni við fjölbreytt og skapandi verkefni
- Forvarnargildi - þátttaka í skipulögðu félagsstarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi hefur mikið forvarnargildi

Kennslutilhögun: Nemendur mæta í klúbb að minnsta kosti einu sinni í viku og taka þátt í því starfi sem þar er boðið uppá. Athugið að nemendur þurfa sjálfir að koma sér á staðinn.


Námsmat: Mætingar, áhugi og virkni metin. Mætingarskylda einu sinni í viku. Lokið / Ólokið.



FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA

Heilsársval í FS – 4 valeiningar


FS - Valgreinar



Valið nær yfir allt skólaárið og gildir því sem 4 valeiningar. **Athugið** - aðeins í boði fyrir 9.-10. bekk. Valið í samráði við kennara og/eða aðstoðarskólastjóra.

Kennsla í FS frá kl. 15.00-16.20	
ÞRIÐJUDAGAR	MIÐVIKUDAGAR
Enska – ENSK2KO05 (10 b.)	Stærðfræði – STÆR2AH05 (10 b.)
Rafmagn fyrir stúlkur/stálp – RAFG1KY05 (9.-10. b.)	Rafmagn fyrir drengi/stálp – RAFG1KY05 (9.-10. b.)
Húsasmíði fyrir drengi/stálp– HÚSA1KY05 (9.-10. b.)	Húsasmíði fyrir stúlkur/stálp– HÚSA1KY05 (9.-10. b.)
Textíl og hár fyrir stúlkur/stálp – TXHÁ1FH05 (9.-10. b.)	Textíl og hár fyrir drengi/stálp – TXHÁ1FH05 (9.-10. b.)
Spænska - SPÆN1SO05 (10 b.)	Þýska – ÞÝSK1PO05 (10 b.)
	Málmsmíði/suða fyrir drengi/stúlkur/stálp (9.-10. b.)

FS - Mætingareglur




Mætingareglur Fjölbrautaskóla Suðurnesja:

- Þeir nemendur sem eru í valfögum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þurfa að fara eftir þeim mætingareglum sem gilda í FS.
- Gert er ráð fyrir að nemendur mæti í allar kennslustundir.
- Ef nemendur eru veikir eða þurfa leyfi þarf grunnskólinn að tilkynna það með tölvupósti eða á skrifstofu FS í síma 421-3100.
- Grunnskólarnir eru látnir vita ef það falla niður tímar í FS.
- Það er ekki frí í valfögunum þó að kennsla falli niður í grunnskólunum, til dæmis vegna starfsdaga eða annars. Ef nemendur sjá fram á það að vera frá skóla í einhvern tíma, til dæmis vegna utanlandsferða, er hentugra fyrir þá að taka valfög í grunnskólanum. Það er mjög erfitt fyrir nemendur að missa úr tíma í FS, þar sem þeir eru bara einu sinni í viku, sérstaklega í verklegum greinum þar sem þeir hafa ekki möguleika á því að vinna verkefnin heima.
- Mætingareglurnar má skoða í heild sinni á heimasíðu skólans www.fss.is undir skólinn, almennar upplýsingar og skólareglur.

Innritunargjald: Nemendur sem velja sér valgrein í FS þurfa að greiða innritunargjald kr. 6.000 en einnig getur bæst við efnisgjald í verklegum greinum.

FS - Stærðfræði 10.b.




Stærðfræði - STÆR2AH05: Nemandi uppfyllir skilyrði um framúrskarandi hæfni við lok 9. bekkjar.

Inntökuskilyrði: Góð stærðfræðikunnátta, góð ástundun og virkni í námi.

Nemendur þurfa að ná einkunn sem FS krefst á 2. þrep (A eða B+). Einnig er stuðst við mat faggreinakennara.

Meginefni áfangans er algebra, föll og hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi. Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru: bókstafareikningur, veldi og rætur, jöfnur af öðru stigi, könnun annars stigs ferla (fleygboga) í hnitakerfi, meðferð algebrubrota margliðudeiling, ójöfnur af fyrsta og öðru stigi og hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi. Föll: fallhugtakið er innleitt og nokkur algeng föll kynnt.

FS - Enska 10.b.




Enska - ENSK2O05: Nemandi uppfyllir skilyrði um framúrskarandi hæfni við lok 9. bekkjar.

Inntökuskilyrði: Góð ensku kunnátta, góð ástundun og virkni í námi.

Nemendur þurfa að ná einkunn sem FS krefst á 2. þrep (A eða B+). Einnig er stuðst við mat faggreinakennara.

Áhersla er lögð á að nemendur verði vel læsir á krefjandi texta. Þeir verða þjálfaðir í að tileinka sér krefjandi orðaforða, tjá hugsun sína skýrt í riti og rökstyðja skoðanir sínar. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan orðaforða og góðan skilning. Lesin eru bókmenntaverk úr hinum enskumælandi menningarheimi.

FS - Þýska 10.b.




Þýska - ÞÝSK1ÞO05: Fyrir nemendur í 10. bekk sem eru góðir í tungumálum/íslensku þannig að þeir geti bætt við einu tungumáli.

Inntökuskilyrði: góð tungumálakunnátta, góð ástundun og virkni í námi.

Megináhersla er lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins í gegnum leiki, myndbrot og léttar talæfingar. Þeir eru þjálfaðir í framburði, lestri, hlustun, tali og ritun. Áhersla er lögð á uppbyggingu orðaforða og samskipti. Í lok áfangans eiga nemendur að geta sagt á einfaldan hátt frá sjálfum sér, fjölskyldu, umhverfi og áhugamálum.

Hæfniviðmið áfangans er að nemendur skilji talað mál um kunnuglegt efni, ef talað er hægt og skýrt og tekið þátt í einföldum samræðum.


FS - Spænska 10.b.



Spænska - SPÆN1SO05: Fyrir nemendur í 10. bekk sem eru góðir í tungumálum/íslensku þannig að þeir geti bætt við einu tungumáli. **Einnig þurfa nemendur að vera með góða ástundun og virkni í námi.**

Í áfanganum er lögð áhersla á grundvallaratriði í málfræði spænskrar tungu og menningu spænskumælandi þjóða. Einnig eru nemendur þjálfaðir í að tjá sig um almenn atriði daglegs lífs í ræðu og riti. Réttritun og framburður er æfður ásamt þjálfun í lesskilningi. Nemendur eru hvattir til að nota kennsluforrit á spænsku til að æfa sig í málfræði, orðaforða, framburði, réttritun og lesskilningi.

FS - Rafmagn 9.-10.b.




Rafmagn - RAFG1KY05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í ástundun og hafa sýnt góða virkni í öllu námi, bóklegu sem verkleg til að geta sótt þetta valfag.

Í áfanganum er farið í verktækni og umgengni um kennslubúnað. Nemendur læra að beita helstu hand- og rafmagnsverkfærum. Fjallað er um framleiðslu raforku og hvernig henni er dreift. Fjallað er um efni, efnisfræði og búnað í minni neysluveitum. Nemendur fá æfingu í að leggja lagnir í tiltekið lagnarými. Þá læra þeir að lóða með lóðbolta og að setja saman einfalt rafeindatæki. Farið er m.a. í rafmagnsfræði, rofabúnað og rafeindarásir þar sem nemendur fá að smíða einfaldar rafeindarásir.

FS - Húsasmíði 9.-10.b.




Húsasmíði - HÚSA1KY05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í ástundun og hafa sýnt góða virkni í öllu námi, bóklegu sem verkleg til að geta sótt þetta valfag.

Nemandi hannar og býr til einhvern hlut t.d. hillu, skáp, borð eða annan nytjahlut úr timbri. Í áfanganum er farið í verktækni og umgengni um kennslubúnað. Nemendur læra að beita helstu hand- og verkfærum. Hluti námsins er bóklegur með skriflegum prófum.

FS - Textíl og hár 9.-10.b.



Textíl og hár - TXHÁ1FH05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.


Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í ástundun og hafa sýnt góða virkni í öllu námi, bóklegu sem verkleg til að geta sótt þetta valfag.

Kennslufyrirkomulag er þannig að aðra vikuna er textíl og hina hár. Nemendur kynnast tískustraumum í hártísku, fatnaði og förðun.

Textílhloti: Nemendur sauma t.d. leggings, bol/peysu, mjúkar buxur, tiskuteikning, litir o.fl. Hver og einn getur valið sér auðveld verkefni miðað við eigin stíl og fatasmekk. Kennt á saumavélar og að taka mál og velja snið eftir vexti.

Hársnyrtihloti: Nemendur vinna verklega hluta t.d. Hárþvott og næringarnudd. Fræðast um helstu hársnyrtivörur. Kenndar verða fléttur og einfaldar greiðslur. Farið í gegnum hár- og húðumhirðu ásamt léttri förðun. Kennd notkun áhalda, sléttujárn, krullujárn, keilujárn, bylgju og vöfflujárn.

FS - Málmsmíði 9.-10.b.



Málmsmíði: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í ástundun og hafa sýnt góða virkni í öllu námi, bóklegu sem verkleg til að geta sótt þetta valfag.

Nemendum eru kennt að nota handverkfæri og einföldustu tæki til smíða og viðhalds vélbúnaðar. Nemendur geti lesið á algengustu mælitæki og lesið einföldustu vinnuteikningar og unnið eftir þeim. Vinnsluaðferðir eru sögun, sverfun, borun, snittun, beygingar, slípun og vélavinna. Farið verður yfir notkunarsvið, meðhöndlun og umhirðu tækja og verkfæra. Samhliða fer fram fræðsla um slysaþættu og öryggisþætti